



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Starfsáætlanir frístundamiðstöðva 2022-2023

Hér eru lagðar fram starfsáætlanir fjögurra frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs, Brúarinnar, Kringlumýrar, Miðbergs og Tjarnarinnar. Brúin, sameinuð frístundamiðstöð Ársels og Gufunesbæjar sem tók til starfa 1. janúar 2022 skilar hér sinni fyrstu starfsáætlun.

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Frístundamiðstöðvarnar vinna jafnframt út frá Stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025, en leiðarljós hennar er að Reykjavíkurborg bjóði upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundapjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík.

Til viðbótar við þessi stefnuskjöl sem frístundamiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknnum á stöðu barna og unglinga í hverfum borgarinnar. Að auki er verið að vinna að verkefninu Betri borg fyrir börn, en það felur meðal annars í sér innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Tilgangur starfsáætlana er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlanir eru birtar opinberlega og gefa starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvanna gekk á síðasta starfsári, hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnu og frístundastefnu á starfsárinu og hvaða þróunarverkefnum verður unnið að. Í starfsáætlunum eru einnig birtar jafnréttisáætlanir frístundamiðstöðvanna.

Starfsáætlanirnar gilda frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlunum frístundamiðstöðva.